

GEGN

OFBELDI

Fræðsla til fagfólks um ofbeldi,
viðtalstækni og viðbrögð



RANNSÓKNASTOFNUN Í
BARNA- OG FJÖLSKYLDUVERND

Gimli, Sæmundargötu 10
101 Reykjavík

rbf@hi.is

www.rbf.is

Hönnun og umbrot: Hella Björk



Námskeið á vegum
Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd
í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands



Félagsráðgjafafélag Íslands

Gegn ofbeldi: Fræðsla til fagfólks um ofbeldi, viðtalstækni og viðbrögð

Námskeiðinu er ætlað, félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, kennurum, læknum, ljósmæðrum, námsráðgjöfum, sálfræðingum, iðjuþjálfum, þroskaþjálfum, prestum og öðru fagfólki sem vill bæta við þekkingu sína á ofbeldi, tileinka sér aðferðir til að greina það og geta nálgast svo viðkvæmt málefni og brugðist við á faglegan og árangursríkan hátt.

Markmið

- Efla fagfólk í að greina á markvissan hátt þolendur ofbeldis
- Fræðsla um ofbeldi, algengi þess og afleiðingar
- Þjálfun í viðtalstækni og hvernig best er að nálgast og ræða viðkvæmt málefni
- Fjallað verður um úrræði sem í boði eru fyrir þolendur ofbeldis

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um:

- Birtingamyndir ofbeldis í íslensku samfélagi og velt upp spurningunni af hverju eigi að spyrja um ofbeldi í skjólstæðinga vinnu.
- Helstu einkenni sem hægt er að íhlutast í hjá einstaklingum sem búa við andlegt, líkamlegt, kynferðislegt, félagslegt og/eða efnahagslegt ofbeldi.
- Söfnun gagna, nálgun í málum, viðtalstækni og hvernig best er að setja mál í farveg og gildi handleiðslu fyrir fagaðila.

Nemendur vinna verkefni sem fólgið er í að koma fram með klípusögur út frá eigin reynslu eða tilbúið frá kennara sem unnið verður svo með áfram út frá viðtalstækni og stuðningi.

Fyrirkomulag: Fyrirlestrar, umræður, klípusögur og verkefnavinna.

Námsmarkmið

Að fagfólk hafi öðlast þekkingu:

- Til þess að greina almenn einkenni hjá einstaklingum sem búa við andlegt, líkamlegt, kynferðislegt, félagslegt og/eða efnahagslegt ofbeldi
- Til þess að veita þeim sem búa við ofbeldi, viðeigandi stuðning og ráðgjöf um leiðir út úr ofbeldinu
- Á algengum afneitunar - og varnarháttum einstaklinga sem búa við ofbeldi.
- Á uppbyggingu og tegundir í viðtalstækni /samtalstækni sem leiðir til jákvæðari samskipta og lausn mála
- Á leiðum til þess að setja erfið mál í farveg án þess að taka erfiðleika annarra inn á sig og gildi handleiðslu
- Á því hver á að íhlutast í erfið mál og verkferla varðandi íhlutun/inngríp
- Á söfnun gagna og mikilvægi skráningar minnisatriða

Námskeiðið er reglulega í boði fyrir bæði einstaklinga og starfshópa í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands. Námskeiðsdagar eru auglýstir á vef Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, rbf.is. Einnig er í boði að halda námskeiðið sérstaklega fyrir starfshópa og verkalyðsfélög gegn pöntun. Vinsamlegast hafið samband við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd í síma 525-5200 eða á netfangið rbf@hi.is og fáið tilboð fyrir ykkar hóp.

Umsjón

Elísabet Karlsdóttir, framkvæmdarstjóri RBF

Kennari

Jóna Margrét Ólafsdóttir, aðjúntkt við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands